

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1592  
komudagur 25.4. 2005



Nefndasvið Alþingis,  
allsherjarnefnd,  
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

Reykjavík, 25. apríl 2005.

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breyting á skaðabótalögum, 681. mál**

Með bréfi allsherjarnefndar, dags. 14. apríl s.l., var óskað umsagnar Sjóvá-Almennra trygginga hf. um ofangreint lagafrumvarp.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram það mat allsherjarnefndar að breyting sú sem var gerð á skaðabótalögum með lögum nr. 37/1999 hafi falið í sér mikla réttarbót. Hins vegar hafi reglur laganna um frádrátt greiðslna frá þriðja manni frá skaðabótum komi nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki og eftirlifandi mökum þegar um banaslys er að ræða. Bent er á að bætur, sem alvarlega slasað fólk sem er metið með meira en 50% varanlega örorku, á rétt á frá almannatryggingum, séu eftir breytinguna 1999 dregnar frá skaðabótum, en fyrir breytinguna hafi greiðslur af þessum toga ekki verið dregnar frá skaðabótum. Vakin er athygli á þeirri óvissu sem ríkir um að viðkomandi tjónþoli fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð, en bótaréttur geti m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni auk þess sem tekjur tjónþola geti haft áhrif til skerðingar.

#### Um 4. mgr. 5. gr.:

Af hálfu Sjóvá er vakin athygli á því að verði tillögur frumvarpsins um breytingu á 4. mgr. 5. gr. og 13. gr. skaðabótalaga samþykktar óbreyttar, leiða þær til fráviks frá þeirri grundvallarreglu skaðabótaréttar að tjónþoli eigi ekki að fá hærri bætur en sem svara raunverulegu fjártjóni hans.

Við breytingu á skaðabótalögum árið 1999 var settur nýr margföldunarstuðull í 6. gr. laganna, sbr. 5. gr. frumvarps til laga nr. 37/1999. Í athugasemdum með því frumvarpi, sérstaklega í athugasemdum með 4. gr. frumvarpsins, kemur skýrt fram að nýr margföldunarstuðull sé miðaður við það að tjónþoli fái að fullu bætt það tekjutap sem hann verður fyrir vegna varanlegrar örorku. Þess vegna var lagt til í frumvarpinu, að greiðslur af félagslegum toga, sem koma í hlut tjónþola vegna örorku, kæmu til frádráttar kröfu hans. Ákvæði um slíkt er nú í 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Skv. lögskýringargögnum verður ekki annað ráðið en að grunnhugsunin með lagasetningunni 1999 hafi verið sú að fyrrnefndar frádráttarreglur spili saman við hvernig margföldunarstuðullinn er ákveðinn. Með því frumvarpi sem hér er til skoðunar, þskj. 1037 - 681. mál, er lagt til að fyrrgreindri reglu 4. mgr. 5. gr. núgildandi



**SJÓVÁ**

skaðabótalaga verði breytt þannig að í stað þess að allar greiðslur úr almannatryggingum koma til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku þá komi einungis til frádráttar eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum. Að mati félagsins hlýtur margföldunarstuðull 6. gr. laganna því jafnframt að koma til skoðunar.

Félagið telur því eðlilegt, þegar allsherjarnefnd leggur til slíka grundvallarbreytingu á útreikningi bóta skv. skaðabótalögum, að leita álits tryggingastærðfræðinga á því hvort ástæða sé til að gera breytingar á margföldunarstuðli laganna samhliða því að ákveðið er að aðeins skuli koma til frádráttar eingreiðslubætur frá almannatryggingum en ekki aðrar bætur frá almannatryggingum. Að fengnu því áliti væri hægt að taka ákvarðanir um hvort og þá hvernig breytingar þurfi að vera á margföldunarstuðlinum til þess að skaðabótalögin nái markmiði sínu í samræmi við þá grunnhugsun sem áður var lýst.

Ef ætlunin er hins vegar sú að að lögleiða bótareglu sem leiðir til þess að ákveðinn hópur tjónþola fær tjón sitt bætt umfram heildartjón verður að minna á að slíkt verður að telja andstætt ótvíræðri meginreglu skaðabótalaganna um að tjónþoli eigi ekki rétt á hærri bótum en svara raunverulegu fjártjóni hans. Benda má á að Hæstiréttur hefur fjallað um þessa meginreglu í mörgum dómum sínum og má nefna t.d. dóm í máli nr. 144/2001 og birtur er á heimasíðu réttarins, [www.haestirettur.is](http://www.haestirettur.is) Telja verður eðlilegt að frávik frá jafn mikilvægri meginreglu krefjist mun ítarlegri umfjöllunar en er í þeim lögskýringargögnum sem nú liggja fyrir.

Í þessu sambandi þykir félaginu einnig eðlilegt að skoða frumvarpið með hliðsjón af því hvort lagasetningin sé í samræmi við stjórnskipunarlög, t.d. hvort eins sé farið með alla tjónþola, sem eins háttar til um. Miðað við hversu oft stjórnskipunarlög hafa komið til skoðunar fyrir dómstólum síðustu ár vegna skaðabótalaga verður að telja nauðsynlegt og eðlilegt að löggjafinn hugi sérstaklega að þeim þætti við lagasetninguna. Vátryggingafélög, sem koma oftast fram fyrir þá bótaskyldu, hafa haft töluverðan kostnað af því í gegnum tíðina að halda uppi vörnum í málum, þar sem reynt hefur á hvort einstök ákvæði skaðabótalaga fari í bága við stjórnarskrá. Í ljósi þessa þykir félaginu eðlilegt að sjálf allsherjarnefnd fjalli um áhrif þessara breytinga m.t.t. gildandi stjórnskipunarlaga. Eins og frumvarpið er nú, og ef það verður óbreytt að lögum, munu tjónþolar með háa örorku og slasast eftir gildistöku nýrra laga fá mun hærri bætur en þeir sem slösuðust frá 1. maí 1999 að gildistöku þeirra. Allir fá reyndar tjón sitt fullbætt, ef marka má athugasemdir með frumvarpi til laga nr. 37/1999, en það að ákveðinn hópur tjónþola fái tjón sitt ofbætt eftir tiltekinn tíma en ekki þeir sem slasast fyrir hlýtur að kalla á álitamál vegna 72. og 65. gr. stjórnarskrárinnar, sem rétt er að löggjafinn taki afstöðu til.

Félaginu þykir rétt að benda á hvaða greiðslur það eru sem geta komið til frádráttar frá almannatryggingum í dag. Við fljótlega skoðun verður ekki annað séð en að almennt séu greiðslur frá almannatryggingum miðaðar við mánaðargreiðslur hvort sem greiðslur eru byggðar á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 eða lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993. Það sem TR hefur heimild til að greiða með eingreiðslu eru einungis tilteknar bætur fyrir örorku þeirra sem eru slysatryggðir skv. ákvæðum laga um almannatryggingar nr. 117/1993. Um slíkar greiðslur er fjallað í 29. gr. laga um almannatryggingar og í 5. mgr. þeirrar greinar er sett heimild fyrir Tryggingastofnun ríkisins að greiða í einu lagi örorkubætur sem jafngilda lífeyri um tiltekið árabíl ef orkutap er minna en 50%. Vitað er til þess að framkvæmdin er með þessum hætti og koma þessar eingreiðslubætur fyrst og fremst til þegar um vinnuslys er að ræða.

Einnig má nefna til upplýsinga að mat á örorku er mismunandi eftir þeim hvort bótarréttur er um að ræða. Mat á varanlegri örorku skv. skaðabótalögum kemur fram í 4. gr. þeirra og er þar miðað við varanlega skerðingu á getu til að afla vinnutekna. Þegar sú örorka er metin skal líta til þeirra kosta sem tjónþoli á til að afla sér tekna með vinnu sem sanngjarnt er að ætlast til að hann starfi við, sbr. 2. mgr. 5. gr. skaðabótalaga. Örorkumat hjá almannatryggingum er hins vegar læknisfræðilegt og skv. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar er örorka metin skv. sérstökum örorkustaðli, sbr. rg. nr. 379/1999. Hjá lífeyrissjóðum eru það samþykktir hvers og eins þeirra sem koma til skoðunar. Oftast er svokallað orkutap lagt til grundvallar greiðu örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum og hjá þeim flestum, ef ekki öllum, er það læknir á vegum sjóðsins sem metur orkutapið. Flestir sjóðir hafa ákvæði um mat á orkutapi til þess starfs sem aðild sjóðsfélaga að sjóðnum er bundin til fyrstu þriggja árána sem orkutapið varir en síðan til almennra starfa eftir það. Það er því ekki alltaf hægt að leggja til grundvallar sama mat á örorku hjá öllum þessum aðilum þegar metin er réttur tjónþola til greiðslna.

Skv. meginreglum skaðabótaréttarins ber tjónþola að takmarka tjón sitt gagnvart hinum bótaskylda. Í því felst að hann verður að sækja þau bótaúrræði sem honum eru möguleg. Oft á tíðum þarf að minna tjónþola á að sækja þennan rétt og biðja í einhvern tíma eftir upplýsingum um greiðslur til þess að hægt sé að reikna til eingreiðslu þær framtíðargreiðslur sem tjónþoli á rétt á. Einnig hafa stundum komið upp álitamál um með hvort og með hvaða hætti tjónþola beri að ganga eftir slíkum rétti. Staða hins bótaskylda getur verið snúin þegar kemur að þessu þar sem hann fær ekki upplýsingar um greiðslur tjónþola af félagslegum toga nema í gegnum tjónþola sjálfan eða eftir atvikum lögmann hans. Getur þetta oft skapað meiri óvissu í útreikningi þessara mála en nauðsynlegt er. Ef lögmann hins vegar sjá til þess strax og tilefni er til að tjónþoli gangi á eftir sínum rétti gerir það allan útreikning auðveldari og hugsanlega minni hætta á þeirri óvissu sem bent hefur verið á að sé fyrir hendi.

Til upplýsinga verður hins vegar að nefna að miðað við þau mál sem félagið hefur til meðferðar eru það tiltölulega fáir tjónþolar sem slasast það alvarlega á hverju ári að frádráttarliðir 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga komi til skoðunar. Helst má nefna mál sem bótaskyld eru úr slysatryggingu sjómanna, eins og henni var breytt með gerðardómi í júní 2001. Þá voru gerðar þær breytingar á bótarétti sjómanna, vegna slysa sem eru bótaskyld skv. 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985, að uppgjör fer almennt fram skv. skaðabótalögum ef bæt看 reiknast skv. þeim hærri en útreikningur sem 172. gr. siglingalaganna kveður á um.

Til upplýsinga, vegna fullyrðingar um að núgildandi frádráttarreglur komi hart niður á alvarlega slösuðu fólki, þótti rétt að taka að handahófi tvö dæmi um muninn á reglum laganna frá 1996, 1999 og reglum frumvarpsins. eru niðurstöður þessa teknar saman í töflu hér á eftir.

Um er að ræða annars vegar sjómann sem á bótarétt úr slysatryggingu sjómanna en bæt看 reiknast þá skv. ákvæðum skaðabótalaga en ekki sérstaklega til viðbótar úr slysatryggingu launþega. Frádráttarliðir eru miðaðir við eingreiðslu frá TR og mánaðargreiðslur frá lífeyrissjóðum, 100% greiðslu örorkulífeyris lífeyrissjóðs í þrjú ár frá orkutapi og 50% greiðslum eftir það til 67 ára aldurs.

Hins vegar er slys sem bætt var úr ábyrgðartryggingu bifreiða. Í þessu dæmi var tjónþoli sjálfur 21 árs á stöðugleikapunkti en reiknaðar eru bæt看 á sömu tekjuforsendum miðað við að tjónþoli hefði verið 35, 45, 55 og 65 ára á stöðugleikapunkti. Vegna þessa slyss reiknuðust mánaðarlegar greiðslur slysaörorkulífeyris frá TR þar sem læknisfræðilegt mat á örorku þar var yfir 50%. Ekki kom því til nokkurra eingreiðslna frá TR vegna slyssins. Einnig er

**SJÓVÁ**

reiknað með 100% greiðslu örorkulífeyris í þrjú ár frá orkutapi og 50% greiðslu meðan til 67 ára aldurs. Þar sem fjárhæðir lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum taka mið af aldri tjónþola eru settar inn tilbúnar tölur í frádrátt miðað við það.

**Sjóslys 33 ára gamals karlmanns - árslaun 6.351.500.-**

**Varanleg örorka 50% og varanlegur miski 35%**

**Fær eingreiðslu frá TR og lífeyrissjóðsgreiðslur samtals kr. 10.599.939.- og síðan hlutfallslega eftir viðmiðunaráldri tjónþola.**

	1996	1999	2005
<b>25 ára</b>	31.757.500	37.957.001	39.457.001
<b>33 ára</b>	29.534.475	27.690.079	27.690.079
<b>45 ára</b>	25.406.000	21.423.324	21.423.324
<b>55 ára</b>	19.054.500	16.207.659	16.207.659
<b>65 ára</b>	6.351.500	7.647.929	7.647.929

**Sama slys - árslaun kr. 3.000.000.-**

	1996	1999	2005
<b>25 ára</b>	15.000.000	14.651.500	14.651.500
<b>33 ára</b>	13.950.000	7.485.561	7.485.561
<b>45 ára</b>	12.000.000	5.897.500	5.897.500
<b>55 ára</b>	9.000.000	5.017.000	5.017.000
<b>65 ára</b>	3.000.000	2.557.000	2.557.000

**Umferðarslys 21 árs gamals karlmanns - árslaun kr. 2.200.000.-**

**Varanleg örorka 50% og varanlegur miski 60%**

**Fær mánaðargreiðslur frá TR og lífeyrissjóðsgreiðslur samtals kr.10.826.557.- og síðan hlutfallslega eftir viðmiðunaráldri tjónþola.**

	1996	1999	2005
<b>21 árs</b>	7.300.031	7.466.739	11.651.766
<b>35 ára</b>	6.789.029	3.562.731	5.062.731
<b>45 ára</b>	5.840.025	2.491.531	3.991.531
<b>55 ára</b>	4.380.019	645.831	2.145.831
<b>65 ára</b>	1.460.006	-1.358.169	-658.169

**Sama slys - árslaun kr 3.500.000.-**

	1996	1999	2005
<b>21 árs</b>	13.800.031	18.500.489	22.685.516
<b>35 ára</b>	12.834.029	11.399.781	12.899.781
<b>45 ára</b>	11.040.025	8.513.781	10.013.781
<b>55 ára</b>	8.280.019	4.986.531	6.486.531
<b>65 ára</b>	2.760.006	616.531	1.316.531

Eins og áður segir voru þessi dæmi eingöngu tekin af handahófi sem dæmi um mál sem hafa verið reiknuð hjá félaginu síðustu misserin. Eins og áður hefur verið vísað til telur félagið nauðsynlegt að láta kanna betur áhrif þeirra breytinga sem frumvarpið gerir ráð fyrir.

Um 13. gr.:

Tekið er undir það með allsherjarnefnd að núgildandi regla 13. gr. skaðabótalaga er ekki um margt heppileg, þar sem reglan gerir ráð fyrir frádrætti ímyndaðra greiðslna, sem byggjast á bótarétti hins látna tjónþola, ef hann hefði lifað hinn bótaskylda atburð af og hlotið 100% varanlega örorku. Heppilegra væri að reglan væri einfaldari, sérstaklega þar sem ekki er um að ræða nákvæmt mat á raunverulegu fjárhagslegu tjóni eftirlifandi maka, heldur að mestu

staðlaða bótareglu. Þessi staðlaða bótaregla byggir þó á því að þetta fjárhagstjón þess sem missir framfæranda en ekki miskatjón hans.



Allsherjarnefnd virðist gefa sér það að frádráttarreglur skaðabótalaga, eins og þær eru skv. gildandi lögum, leiði til ósanngjarnrar niðurstöðu fyrir eftirlifandi maka. Við samanburð á bótafjárhæðum fyrir missi framfæranda í gildistíð laganna eins og þeim var breytt árið 1996, núgildandi laga eins og þeim var breytt 1999 og reglum þeim sem frumvarpið gerir ráð fyrir virðast bætur fyrir missi framfæranda almennt ekki hafa lækkað með þeim breytingum sem voru gerðar á lögnum á árinu 1999. Hugsanlega kunna einhverjir aðilar að standa verr en einhverjir standa hins vegar betur. Vekja verður sérkasta athygli á því að nú lækkar lágmarksfjárhæð sú sem kemur fram í 13. gr. skaðabótalaga ekki m.t.t. aldurs tjónþola þegar hann lést. Þetta þýðir að eldri tjónþolar fá greiddar bætur skv. lágmarksfjárhæð sem er miklu mun hærri en hún var með lögnum 1996. Hlýtur það að hafa áhrif á það þegar metið er hver áhrif laganna 1999 í heild eru.

Félagið hefur tekið saman eftirfarandi töflu með samanburðartölum vegna útreiknings bóta fyrir missi framfæranda og fylgir hún hér, í töflunni sést greinilega hvernig lágmarksfjárhæð 13.gr. laganna breytist með lögum nr. 37/1999, sérstaklega til hagsbóta fyrir eldra fólk.

Vinnuslys - árstekjur kr. 3.239.246.- sbr. mál Hæstaréttar 283/2003

	1996	1999	2005	Lágmark 1996	Lágmark frá 1999
25 ára	7.829.517	10.153.135	14.674.756	<b>4.358.500</b>	<b>4.358.500</b>
35 ára	7.046.565	6.826.753	11.348.374	<b>3.922.650</b>	<b>4.358.500</b>
45 ára	6.263.613	4.481.863	9.003.484	<b>3.486.800</b>	<b>4.358.500</b>
55 ára	4.697.710	1.967.884	6.489.505	<b>2.615.100</b>	<b>4.358.500</b>
65 ára	1.565.903	-1.569.372	2.952.249	<b>871.700</b>	<b>4.358.500</b>

Umferðarslys - árstekjur kr. 3.381.797.-

	1996	1999	2005	Lágmark 1996	Lágmark frá 1999
25 ára	8.257.170	9.134.600	15.320.555	<b>4.358.500</b>	<b>4.358.500</b>
35 ára	7.431.453	5.661.833	11.847.788	<b>3.922.650</b>	<b>4.358.500</b>
45 ára	6.605.736	5.286.617	9.584.351	<b>3.486.800</b>	<b>4.358.500</b>
55 ára	4.954.302	589.137	6.775.092	<b>2.615.100</b>	<b>4.358.500</b>
65 ára	1.651.434	-3.103.785	3.082.170	<b>871.700</b>	<b>4.358.500</b>

Sjóslys - árstekjur kr. 4.400.000.-

	1996	1999	2005	Lágmark 1996	Lágmark frá 1999
25 ára	11.311.779	13.346.558	19.933.320	<b>4.358.500</b>	<b>4.358.500</b>
31 árs	10.633.072	9.863.078	16.449.840	<b>4.096.990</b>	<b>4.358.500</b>
45 ára	9.049.423	8.629.800	12.229.800	<b>3.486.800</b>	<b>4.358.500</b>
55 ára	6.787.067	4.526.739	6.775.092	<b>2.615.100</b>	<b>4.358.500</b>
65 ára	2.262.356	1.221.939	4.010.160	<b>871.700</b>	<b>4.358.500</b>

Umferðarslys - lágmarkstekjur apríl 2005 kr. 1.743.500.-

	1996	1999	2005	Lágmark 1996	Lágmark frá 1999
25 ára	3.342.279	3.010.357	7.898.578	<b>4.358.500</b>	<b>4.358.500</b>
35 ára	3.008.051	1.220.857	6.108.178	<b>3.922.650</b>	<b>4.358.500</b>
45 ára	2.673.823	2.541.253	4.941.253	<b>3.486.800</b>	<b>4.358.500</b>
55 ára	2.005.367	104.707	3.492.928	<b>2.615.100</b>	<b>4.358.500</b>
65 ára	668.456	-899.195	1.589.026	<b>871.700</b>	<b>4.358.500</b>



**SJÓVÁ**


Forsendur þær sem nefndin gefur sér telur félagið ekki standast og þessu að gera til þess að rannsókn á því hvað breytingarnar á skaðabótalögunum með lögum nr. 37/1999 myndu, áður en dregnar eru jafn víðtækar ályktanir eins og gert er í athugasemdum með nýju frumvarpi.

Einnig verður að benda á að í orðalagi greinarinnar, eins og lagt er til að hún verði, þ.e. að bæta inn „án frádráttar“ hefur áhrif á að hugsanlegur bótaréttur úr slysatryggingu launþega kæmi ekki til frádráttar ef frumvarpið yrði að lögum. Telja verður að það samrýmist ekki þeim athugasemdum sem koma fram í frumvarpinu, þar sem markmiðið er að koma í veg fyrir að bætur fá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka.

Þau sanngirnisjónarmið sem vísað er til í frumvarpinu gætu hugsanlega ein og sér staðið til breytinga á 13. gr. skaðabótalaga. Það verður löggjafinn að meta og félagið telur ekki ástæðu til að taka sérstaka afstöðu til þess. Í því sambandi má velta fyrir sér hvort sú 30% viðmiðun sem lögð er til grundvallar í 13.gr. laganna sé endilega rétt og hvort hægt er að mæta sanngirnisjónarmiðum með breytingum á þeirri viðmiðun. Hvað þetta varðar mætti gera tryggingastærðfræðilega úttekt á bótarétti og taka afstöðu í kjölfarið hvernig best væri að breyta 13. gr. skaðabótalaga svo öll sjónarmið séu uppfyllt.

Undirritaðar eru tilbúnar til frekari viðræðna ef óskað er.

Virðingarfyllst,  
f.h. Sjóvá-Almennra trygginga hf.,

  
Helga Jónsdóttir

  
Þóra Hallgrímsdóttir